# ATVINNUSTEFNA ÞINGEYJARSVEITAR 2027–2035

Atvinnustefna Þingeyjarsveitar er leiðarljós fyrir markvissa þróun atvinnulífs í sveitarfélaginu. Stefnan byggir á sérstöðu svæðisins, náttúruauðlindum, samfélagslegum styrkleikum og innviðum, og hefur það að markmiði að efla sjálfbæra atvinnuuppbyggingu, fjölga störfum og auka lífsgæði íbúa.

Við mótun atvinnustefnunnar voru haldnir íbúafundir, fundur með atvinnulífi og starfsmönnum sveitarfélagsins og vinnufundur í atvinnu- og nýsköpunarnefnd. Út úr þeim fundum voru dregnir saman helstu styrkleikar, áskoranir og tækifæri. Einnig voru við gerð stefnunnar nýtt gögn úr samráðsfundum sem haldnir voru við gerð heildarstefnu sveitarfélagsins fyrir árin 2024-2030, úr verkefninu „Auknar fjárfestingar á Norðurlandi eystra“ og úr verkefninu „Nýsköpun í norðri“.

Framkvæmd stefnunnar byggir á samstarfi við lykilaðila á borð við SSNE, Íslandsstofu, Eim, Landsvirkjun, Mývatnsstofu, Markaðsstofu Norðurlands og atvinnulíf á svæðinu.

Þingeyjarsveit er stærsta sveitarfélag landsins að flatarmáli, með ríkar náttúruauðlindir og fjölbreytt atvinnulíf. Íbúafjöldi er um 1500 manns. Helstu atvinnugreinar eru landbúnaður, ferðaþjónusta, opinber þjónusta og orkutengd starfsemi. Stærstu þéttbýliskjarnarnir eru Reykjahlíð við Mývatn með um 260 íbúa og Laugar í Reykjadal með um 120 íbúa.

Staðsetning sveitarfélagsins á milli Akureyrar og Húsavíkur er kostur og veitir greiðari aðgang að mörkuðum, stærra upptökusvæði atvinnulífs, samgöngum og menntun. Jafnframt felast áskoranir í fámennri og dreifðri byggð, árstíðasveiflum og þörf fyrir fjölgun heilsárs stöðugra starfa. Stefnan leggur því áherslu á að styrkja heilsárs atvinnu, auka verðmætasköpun og gera fjárfestingatækifæri sýnileg og framkvæmanleg.

Aðalskipulag Þingeyjarsveitar 2025-2043 var samþykkt af sveitarstjórn 27. febrúar 2026. Leiðarljós skipulagsins er að Þingeyjarsveit verði eftirsótt til búsetu og vettvangur fjölbreyttrar atvinnustarfsemi í sátt við umhverfið. Skipulagið styður við fjölbreytta atvinnustarfsemi í þéttbýli og dreifbýli, svo sem léttan iðnað, matvælavinnslu, þjónustu og fjarvinnu, með áherslu á góða aðlögun að umhverfi og annarri landnotkun.

Nokkur athafnasvæði sem henta vel fyrir léttan og  almennan iðnað eru skipulögð bæði í Laugum og Reykjahlíð, einnig eru skipulögð minni svæði í sveitarfélaginu, svo sem í Aðalgerði í Aðaldal og Garði í Mývatnssveit. Samkvæmt skipulaginu er áhersla lögð á að athafnasvæði Þingeyjarsveitar séu eftirsóknarverð fyrir atvinnurekendur með góðri tengingu við samgönguæðar. Þannig verði ávallt fjölbreytt úrval athafnalóða fyrir mismunandi gerðir fyrirtækja í boði. Á athafnasvæðum er lögð áhersla á góða ásýnd og vandaðan frágang og er það í samræmi við framtíðarsýn í skipulaginu sem felur í sér áherslu á gott grunnkerfi, umhverfismál og fjölskyldugildi.

Sveitarfélagið leiðir vinnu við skipulag og framboð atvinnulóða, tryggir aðgang að innviðum (vegir, orka, vatn, fjarskipti), stýrir samráði og er tengiliður við lykilsamstarfsaðila.

# Framtíðarsýn

Framtíðarsýn sveitarfélagsins er að í Þingeyjarsveit byggist upp öflugt og fjölbreytt atvinnulíf á grundvelli sjálfbærrar nýtingar náttúruauðlinda og orku. Að atvinnuþróun, frumkvöðlastarf og nýsköpun fari saman við umhverfisvernd og loftslagsmarkmið sveitarfélagsins. Sköpuð séu góð skilyrði fyrir núverandi atvinnurekstur og ný fyrirtæki, fjölbreyttum og eftirsóknarverðum störfum fjölgi og þannig styrkist byggð, búsetuöryggi aukist og þar með lífsgæði íbúa til framtíðar. Með öflugu samstarfi atvinnulífs, samfélags og þekkingargeirans verði skapaðar góðar forsendur í Þingeyjarsveit fyrir frekari verðmætasköpun og sjálfbæra þróun.

# Meginmarkmið atvinnustefnu

Meginmarkmið með mótun atvinnustefnu eru að efla sjálfbæra atvinnuuppbyggingu, fjölga störfum, auka lífsgæði íbúa og að atvinnuuppbygging fari fram í sátt við náttúru, menningu og samfélag. Jafnframt felast tækifæri í þróun nýrra lausna sem tengjast nýtingu auðlinda svæðisins, svo sem í orku-, matvæla- og ferðaþjónustutengdri nýsköpun.

Lögð er áhersla á þrjú meginmarkmið:

- **Að auka verðmætasköpun úr staðbundnum auðlindum**
- **Að fjölga störfum í sveitarfélaginu**
- **Að bæta skilyrði fyrir atvinnuuppbyggingu, fjárfestingar og nýsköpun**

Atvinnustefnunni fylgir aðgerðaáætlun til næstu þriggja ára þar sem hvert meginmarkmið er útfært með skilgreindum aðgerðum, tímaramma og ábyrgðaraðilum til eftirfylgni.

*Samþykkt í atvinnu- og nýsköpunarnefnd xx. desember 2026*

*Samþykkt í sveitarstjórn xx. desember 2026*

# Aðgerðaráætlun 2027 - 2030

Aðgerðaráætlunin byggir á forgangsverkefnum vinnustofu um auknar fjárfestingar og SVÓT-greiningu. Hér eru skilgreind lykilverkefni, helstu aðgerðir, ábyrgð og tímarammi.

**Að auka verðmætasköpun úr staðbundnum auðlindum**
Með markvissri nýtingu staðbundinna auðlinda má skapa aukin verðmæti, efla atvinnulíf og styrkja byggð til framtíðar. Greina þarf sérstöðu og styrkleika hvers auðlindasvæðis og kortleggja þær. Hvetja bændur, íbúa og frumkvöðla áfram í nýsköpun, vöruþróun og fullvinnslu afurða. Með aukinni þekkingu og samstarfi má stuðla að fjölbreyttu atvinnulífi og sjálfbærri verðmætasköpun innan sveitarfélagsins.

1) Nýta innviðagreiningu Þingeyjarsveitar og auðlindakort sem unnin hafa verið þar sem auðlindastraumar eru kortlagðir á fimm staðsetningum í sveitarfélaginu. Vinna þarf að fýsileikakönnun og greina hvaða starfsemi hentar hverju auðlindasvæði. Vinna þarf skipulag svæðanna og undirbúa til að kynna möguleikana. Kortin verði gefin út á íslensku og ensku.

Tímarammi: janúar - júní 2027
Ábyrgðaraðili: Sveitarstjóri, atvinnu- og nýsköpunarnefnd
Samstarfsaðilar: Eimur og SSNE

2) Hvetja bændur og íbúa alla til fullvinnslu afurða, nýsköpunar og sjálfbærni. Haldinn verði matarmarkaður/uppskeruhátíð að hausti ár hvert þar sem bændur geta kynnt sínar afurðir og heimavinnslu. Sérstök kynning ár hvert í grunnskólum sveitarfélagsins um grænmetisræktun og vinnslu úr heimaafurðum.

Tímarammi: maí-október 2027-2030
Ábyrgðaraðili: Sveitarstjóri, atvinnu- og nýsköpunarnefnd
Samstarfsaðili: Grunnskólar sveitarfélagsins

**Að fjölga störfum í sveitarfélaginu**
Markmiðið er að efla fjölbreytt atvinnulíf og fjölga störfum í sveitarfélaginu. Áhersla verður lögð á þróun vetrarferðaþjónustu, uppbyggingu innviða og betri nýtingu húsnæðis og aðstöðu til að skapa tækifæri fyrir fjarvinnu og störf án staðsetningar. Með þessu verður sveitarfélagið eftirsóknarverðari kostur til búsetu og atvinnu allt árið um kring.

3) Vinna áfram að vöruþróun í vetrarferðaþjónustu til að tryggja heilsárferðamennsku. Fylgja stöðugreiningu og aðgerðaáætlun Þingeyjarsveitar til frekari þróunar ferðaþjónustugreinarinnar.

Tímarammi: 2027-2029
Ábyrgðaraðili: Sveitarstjóri
Samstarfsaðilar: Markaðsstofa Norðurlands og Mývatnsstofa

4) Bæta innviði til móttöku ferðafólks á heilsársgrundvelli. Sækja um styrki í Framkvæmdasjóð ferðamannastaða til uppbyggingar innviða á vinsælum áningastöðum í sveitarfélaginu.

Tímarammi: 2027-2030
Ábyrgðaraðili: Skipulagsfulltrúi

5) Fjarvinnslustöðvar
Efla og þróa vinnustaðaklasa í sveitarfélaginu m.a. fyrir störf án staðsetningar, nýta miðla sveitarfélagsins til að auglýsa lausar skrifstofur og fjarvinnslurými. Greina vannýtt húsnæði í eigu sveitarfélagsins og skoða með nýtingu, umbreytingu eða sölu.

Tímarammi: 2027-2030
Ábyrgðaraðili: Sveitarstjóri,
Samstarfsaðilar: Eignastefnuhópur og sviðsstjóri fjármála- og stjórnsýslusviðs

**Að bæta skilyrði fyrir atvinnuuppbyggingu, fjárfestingar og nýsköpun**

Atvinnuuppbygging, fjárfestingar og nýsköpun eru lykilforsendur fyrir öflugu og sjálfbæru atvinnulífi og áframhaldandi þróun sveitarfélagsins. Með auknu lóðaframboði á íbúða- og atvinnusvæðum skapast svigrúm fyrir fjölgun íbúa, fjölbreyttari atvinnustarfsemi og ný fjárfestingartækifæri.

6) Þróa og skilgreina fjölbreyta kosti íbúabyggðar í sveitarfélaginu t.d. stærri lóðir eins og búgarðalóðir. Gera átak í vinnslu deiliskipulaga í þéttbýliskjörnum. Þróa athafna- og iðnaðarsvæði í takt við óskir og þarfir atvinnulífsins.
Tímarammi: 2027-2028
Ábyrgðaraðili: Skipulagsnefnd og skipulagsfulltrúi.

7) Bæta ferðaþjónustusvæðið við Fosshól og Goðafoss í samráði við landeigendur og Náttúruverndarstofnun. Skilgreina svæðið og skipuleggja lóð fyrir mögulegt hótel við Fosshól og bæta aðgengi ferðafólks og þjónustuaðila á svæðinu.

Tímarammi: 2027-2030
Ábyrgðaraðili: Skipulagsnefnd og skipulagsfulltrúi

8) Reglulegt samráð og virkt samtal við atvinnulífið, eftirfylgni við ný fjárfestingatækifæri og stuðningur við nýsköpunarhugmyndir.

Tímarammi: 2027-2030
Ábyrgðaraðili: Sveitarstjóri, atvinnu- og nýsköpunarnefnd,
Samstafsaðilar: Íslandsstofa, Landsvirkjun og SSNE.